



GJALDSKRÁ FYRIR LIÐVEISLU Í RANGÁRÞINGI YTRA.

1. gr.

Fyrir liðveislu á vegum Rangárþings ytra skal greiða gjald sem nemur 1/2 meðaltímakaupi fyrir heimilisþjónustu fyrir hverja klst. Gjaldið skal reiknað út ársfjórðungslega, 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október og skal standa á hálfum eða heilum tug.

2. gr.

Undanþegnir gjaldskyldu vegna liðveislu skulu þeir vera, sem ekki hafa aðrar heimilistekjur en elli/örorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót frá almannatryggingum svo og þeir aðrir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka. Staðfesta skal tekjur með vottorði frá Tryggingastofnun og staðfestu framtali fyrir næstliðið ár. Lífeyrisþegar greiða þó ekki hærri gjald fyrir heimaþjónustu en sem nemur 75% af tekjum umfram lífeyri, eins og hann er skilgreindur hér að framan.

3. gr.

Sveitarstjórn og félagsmálanefnd er heimilt að fella niður greiðslu eða hluta hennar ef efnahagur eða aðrar aðstæður gefa tilefni til.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í hreppsráði Rangárþings ytra þ. 9. janúar 2003.